



Reglur um tekjutengdan afslátt af fasteignaskatti til elli- og örorkulífeyrisþega.

1.gr.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði í eigu tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega í Kjósarhreppi, sem þeir nýta sjálfir og eiga þar lögheimili, skal lækkaður eða felldur niður samkvæmt heimild í 4. mgr. 5.gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

2.gr.

Þeir aðilar sem uppfylla eftirfarandi skilyrði eiga rétt á afslætti af

fasteignasköttum samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar:

- Vera þinglýstir eigendur viðkomandi fasteignar.
- Ellilífeyrisþegar 67 ára á næsta ári á undan álagningarári eða örorkulífeyrisþegar sem hafa verið úrskurðaðir 75% öryrkjar.
- Þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári eiga rétt á hlutfallslegri lækkun frá því að örorkumat tók gildi. Framvísa þarf örorkuskírteini.
- Viðkomandi búi sannanlega í eigin húsnæði og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í allt að þrjú ár dvelji viðkomandi á öldrunarstofnun og að íbúðarhúsnæðið er ekki leigt út eða nýtt af skyldmennum.

3. gr.

Þegar um hjón eða sambúðaraðila er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðili fullnægi skilyrðum sem veita rétt til afsláttar sbr. 2. grein. Falli annar aðilinn frá nýtur eftirlifandi óbreytts afsláttar út árið sem fráfallið átti sér stað á. Komi til hjóna- eða sambúðarslita skal fjárhæð afsláttar haldast óbreytt út viðkomandi álagningarár sé eignin í eigu annars eða beggja.

4.gr.

Við eigendaskipti fasteignar skal afsláttur lækkaður hlutfallslega í samræmi við það hlutfall sem eftir er af gjaldaárinu. Einstaklingur eða hjón sem uppfylla reglur um afslátt og eignast fasteign geta óskað eftir því að fá hlutfallslegan afslátt í samræmi við það hlutfall sem eftir er af gjaldaárinu.

5. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings eru sóttar vélrænt á vef ríkisskattstjóra í gegnum álagningakerfi Fasteignaskrár Íslands. Ekki er þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar nema að



viðkomandi hafi öðlast rétt til afsláttar eftir 30. júní á árinu á undan álagningu, skila þarf þá inn staðfestri skattskýrslu og staðfestingu á því að þiggja elli- eða örorkulífeyri.

6. gr.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps ákvarðar afslátt í samræmi við reglur þessar og skal byggja á upplýsingum frá Þjóðskrá og Ríkisskattstjóra. Sveitarstjórn er heimilt að ákvarða eða endurákvarða afslátt í samræmi við reglur þessar og byggja útreikning afsláttar á staðfestu skattframtali eða álagningarseðlum.

7. gr.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega skulu ákvörðuð við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert og birt við álagningu gjalda.

Reglurnar voru uppfærðar og samþykktar í sveitarstjórn Kjósarhrepps, 1. október 2025.

Kjósarhreppi, 1. október 2025

Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri